



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 4. apríl 2012

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, nr. 43/1999, með síðari breytingum, 230. mál.**

Atvinnuveganefnd Alþingis hefur óskað umsagnar Samtaka atvinnulífsins um ofangreint frumvarp. Markmið frumvarpsins er að auka endurgreiðslur sem hlutfall af framleiðslukostnaði sem til fellur við framleiðslu kvikmynda eða sjónvarpsefnis hér á landi úr 20% í 25%.

Samtökin taka undir með flutningsmönnum að á undanförunum árum hefur mikil þekking skapast í kvikmyndagerð hér á landi, m.a. vegna endurgreiðslukerfisins og aukinna framlaga til Kvikmyndasjóðs. Þá eru samtökin sátt við það fyrirkomulag sem var valið fyrir endurgreiðslukerfið, þ.e. að endurgreiða hlutfall framleiðslukostnaðar frekar en að leggja skattgögn til grundvallar. Ekki er dregið í efa að hækkun endurgreiðsluhlutfallsins myndi styrkja samkeppnisstöðu íslensks kvikmyndaðnaðar í að laða til landsins erlend verkefni.

Samkvæmt upplýsingum iðnaðarráðuneytisins hafa fjárveitingar undanfarin ár dugað fyrir endurgreiðslum að árinu 2011 frátöldu þegar nokkur aukning var í kvikmyndagerð. Framlög til endurgreiðslna vegna kvikmyndagerðar voru hækkuð verulega í fjárlögum 2012 og nema nú 400 m.kr.

Samtök atvinnulífsins hafa talað mjög fyrir opinberum stuðningi til að efla nýjar atvinnugreinar með fjárhagslegri aðstoð til sprotafyrirtækja og nýsköpunar um samkeppnissjóði. Gott dæmi um slíkan stuðning er Tækniþróunarsjóður sem styður við fjölmennar greinar atvinnulífsins en hefur ekki notið aukinna fjárframlaga úr ríkissjóði á síðustu árum. Á meðan svo er þá eiga Samtök atvinnulífsins erfitt með að mæla með auknum opinberum stuðningi við aðrar greinar eins og kvikmyndagerð.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins